



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 11. október 2022

Þann 11. október var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannámálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 95% grunnstöðugilda í leikskólum og um 86% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 83 grunnstöðugildi í leikskólum og 43,8 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austurmiðstöð (Árbær/Grafarholt/ Grafarvogur)	Norðurmiðstöð (Laugardalur/Háa leiti)	Suðurmiðstöð (Breiðholt)	Vesturmiðstöð (Vesturbær, Miðborg/Hlíðar)	Samtals
Leikskóli	25,5	18,5	13,0	26,0	83,0
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	13,5	16,6	7,8	6,0	43,8
Fjöldi stm í fríst.starfi	28	33	16	12	89

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 11. október 2022

Í leikskóla á eftir að ráða í 83 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 90,3 þann 13. september síðastliðinn og 46,4 stöðugildi 7. október 2021. Að auki á eftir að ráða í samtals 25,5 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf frá 31,5 sl. mánuð. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Samtals á því eftir að ráða í 113,5 stöðugildi sem er fækkun frá 121,8 stöðugildi þann 13. september sl. Heildarstaða mönnunar er ekki jafn góð og hún var fyrir um ári en engu að síður hefur verið talsverð hreyfingu í ráðningum í leikskólum borgarinnar frá stöðutökunni 13. september. Til marks um það hefur 18 leikskólum sem vantaði starfsfólk til að sinna grunnstöðugildum fyrir mánuði tekist að ráða starfsfólk í 33,8 þeirra stöðugilda en á sama tíma jókst fjöldi stöðugilda sem átti eftir að ráða í um samtals 26,5 hjá öðrum 14 leikskólum.



Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 43,8 stöðugildi eða um 89 starfsmenn samanborið við 59,3 stöðugildi þann 13. september síðastliðinn og 19,8 stöðugildi þann 7. október 2021. Ráðið hefur verið í 86% stöðugilda samanborið við 78% þann 13. september og 92% þann 7. október 2021. Í flestum frístundaheimilunum og sértækum félagsmiðstöðvum hefur tekist að ráða inn starfsfólk frá því í síðustu stöðutöku og af 42 starfstöðum hafa 9 náð fullri mönnum en voru 5 þann 13. september síðastliðinn. Af þeim 4.301 börnum sem eru með virka umsókn eru 341 börn á biðlista frá 677 þann 13. september síðastliðinn. Í hlutavistun eru 473 börn samanborið við 652 börn við síðustu stöðutöku. Flest frístundaheimilanna hafa náð fullri umbeðinni vistun í 1. og 2. bekk en aðeins lengra er í land í 3. og 4. bekk.

Staðan á ráðningum er tekin til að fylgjast með hvernig gengur að ráða og styðja þá starfsstaði sem eru í meiri mönnunarvanda sem getur m.a. haft áhrif á getu þeirra til að taka inn börn sem búið er að bjóða þjónustu. Niðurstöðurnar eru m.a. nýttar til að ákveða auglýsingaherferðir og mannauðsráðgjafar, fagstjórar og deildarstjórar barnastarfs í borgamiðstöðvunum fá upplýsingarnar til þess að geta haft betri yfirsýn og stutt sína starfsstaði eftir fremsta megni.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar-leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslu-stjóri	Úthlutuð sérkennsla
Austurmiðstöð	2,0	15,0	0,0	8,5
Norðurmiðstöð	1,0	10,0	1,0	6,5
Suðurmiðstöð	0,0	5,5	1,0	6,5
Vesturmiðstöð	3,0	18,0	1,0	4,0
Samtals	6,0	48,5	3,0	25,5

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir bortarhlutum og tegund starfa

	Afleysing vegna undirbúnings	Veikinda-afleysing	Matráður í eldhúsi ef við á	Aðstoðarmaður í eldhúsi ef við á
Austurmiðstöð	7,0	2,0	0,0	0,0
Norðurmiðstöð	5,5	4,0	0,0	0,0
Suðurmiðstöð	2,0	0,0	0,0	0,0
Vesturmiðstöð	8,0	1,0	0,0	1,0
Samtals	22,5	7,0	0,0	1,0

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna
Austurmiðstöð	13,4	28		
Norðurmiðstöð	7,5	15	9,1	18
Suðurmiðstöð	5,5	11	2,3	5
Vesturmiðstöð	6	12		
	32,4	66	11,4	23

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutavistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Austurmiðstöð	1.472	1.220	100	252	17,1%
Norðurmiðstöð	1.226	1.187	265	39	6,6%
Suðurmiðstöð	655	612	61	43	14,2%
Vesturmiðstöð	948	941	47	7	0,7%
	4.301	3.960	473	341	7,9%

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkt barna, hlutfall samþykkt barna í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista